

um samræmingu á mati fasteigna.

(Eftir 2. umr. í Nd.)

1. gr.

Á árinu 1955 skal fara fram endurskoðun fasteignamatsins frá 1942 svo og aukafasteignamatsins, sem gert hefur verið síðan.

2. gr.

Sameinað Alþingi kýs hlutfallskosningu 2 menn í landsnefnd til að framkvæma endurskoðun fasteignamatsins og 2 til vara. Fjármálaráðherra tilnefnir þriðja manninn, og skal hann vera formaður nefndarinnar. Einnig tilnefnir ráðherra varaformann.

3. gr.

Til viðbótar gildandi fasteignamati skal meta allar ræktunarframkvæmdir og aðrar meiri háttar umbætur, er gerðar hafa verið frá því matið fór fram. Einnig skal meta öll hús og mannvirki, sem reist hafa verið frá 1942, en kunna að hafa fallið undan aukafasteignamati. Sama gildir um útmældar lóðir, er ekki hafa verið metnar aukafasteignamati. Samtímis skal fella niður hús og mannvirki, sem hafa verið rifin eða eyðilagzt, en láðst hefur að fella úr gildandi fasteignamati.

Öll þessi mannvirki skulu metin eftir sömu reglu og fylgt var við gildandi fasteignamat.

4. gr.

Skattstjórar og yfirskattanefndir skulu ásamt undirskattanefndum vera landsnefndinni til aðstoðar við endurskoðun matsins og láta í té þær upplýsingar og tillögur, sem landsnefndin telur nauðsynlegar.

5. gr.

Búnaðarfélag Íslands skal láta landsnefnd í té skýrslu um allar framkvæmdir, sem teknar hafa verið út og styrks hafa notið frá árslokum 1942 til ársloka 1954. Skulu skýrslurnar vera sundurliðaðar fyrir hverja fasteign.

6. gr.

Þegar búið er að meta umbætur, sem gerðar hafa verið frá því aðalmat fór fram, sbr. 3. gr., skal landsnefnd flokka allar fasteignir. Flokkunin miðast í stórum dráttum við þá breytingu, sem orðið hefur síðan aðalmat fór fram á verðgildi fasteigna eftir því hvar þær eru. Að því búnu ákveður landsnefndin, hvað sé hæfileg hækkun eða lækkun á matsverði fasteignaflokkanna. Enga fasteign má þó hækka meira en um 400% eftir að matið hefur verið samræmt samkvæmt 3. gr.

7. gr.

Þegar endurskoðun fasteignamatsins er lokið, skal fjármálaráðherra gefa út sundurliðaða skrá yfir matsverð allra fasteigna. Skal sú skrá send ókeyppis öllum sýslumönnum, bæjarfógetum, lögreglustjórum, hreppstjórum, oddvitum, bæjarstjórum og skattstjórum.

Fjármálaráðherra ákveður hvenær hið nýja mat gengur í gildi.

8. gr.

Kostnað allan við endurskoðun fasteignamatsins greiðir ríkissjóður eftir reikningum, er fjármálaráðherra úrskurðar.

9. gr.

Þegar nýtt fasteignamat samkvæmt lögum þessum gengur í gildi, skal ríkisstjórnin láta fara fram endurskoðun á gildandi lagaákvæðum um eignarskatt svo og lögum nr. 66/1921, um fasteignaskatt, og miðist endurskoðunin við, að skattar þessir hækki ekki almennt vegna hækkunar fasteignamatsins. Þá skulu og við gildistöku endurskoðaðs mats, sbr. 6. gr., falla úr gildi lög nr. 29. frá 4. febr. 1952 og ákvarðanir stjórnvalda um opinber gjöld, sem heimt eru sem hundraðshluti af fasteignamati, og komi nýjar ákvarðanir til.

10. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.